



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. Þ 128/612
komudagur 10.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9.12.2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, 413. mál.

Í ályktun ársfundar Alþýðusambands Íslands árið 2002 um velferðarmál segir m.a.:

„Afkomuvanda eldri borgara, sem hafa lítinn eða takmarkaðan rétt í lífeyrissjóðum, verði mætt með hækkun á tekjutengdum bótum og hækkun frítekjumarka vegna tekna úr lífeyrissjóðum, en ekki hækkun grunnlífeyris.

- Lífeyrissjóðakerfið er í vaxandi mæli að taka við afkomutryggingu eldri borgara, en almenna lífeyrissjóðakerfið verður ekki að fullu komið til framkvæmda fyrr en 2015-20.
- Afkomuvandi eldri borgara er því tímabundið vandamál samfélagsins og nær til þeirra sem ekki hafa náð að byggja upp full réttindi í lífeyrissjóðunum eða hafa ekki verið á vinnumarkaði.....

Réttur öryrkja til bóta almannatrygginga taki mið af því að framfærslubyrði þeirra er önnur og meiri en t.d. eldri borgara.

- Bætur þeirra samanstandi af grunnlífeyri, tekjutengdum þáttum og heimilisuppbót.
- Lægstu bætur einstaklinga svona samsettar skulu vera 110.000 kr./mán. auk barnalífeyris.
- Við útfærslu á hækkun samsettra bóta öryrkja verði skerðingarmörk heimilistekna endurskoðuð.”

Með vísan í framangreinda tilvitnun lýsir Alþýðusamband Íslands sig sammála efni frumvarpsins að lækka skerðingarhlutfall tekjutryggingar- auka vegna annarra tekna úr 67% í 45% og mælir með því að það verði samþykkt.

f.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason,
deildarstjóri hagdeildar